

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 53/1995.

Tannlæknafélag Íslands

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Bryndísi Kristinsdóttur

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Skaðabótamál. Lögbann. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1995. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og henni synjað um staðfestingu kyrrsetningar, sem fram fór 25. apríl 1994 í eignarhluta hans í fasteigninni Síðumúla 35 í Reykjavík. Til vara krefst hann lækkunar á fjárhæð skaðabóta til stefndu. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Mál þetta hefur stefnda höfðað til heimtu bóta úr hendi áfrýjanda á grundvelli 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 43. gr. sömu laga, fyrir tjón af völdum lögbanns við starfsemi hennar sem tannsmíðs, er á var lagt samkvæmt 24. gr. þessara laga með úrskurði sýslumannsins í Reykjavík 20. október 1992. Var bannið lagt við beitingu samnings, er gerður hafði verið 17. ágúst sama ár milli Tryggingastofnunar ríkisins og stefndu, að því er tæki til tannsmíðavinnu stefndu í munnholi sjúklinga. Fyrir lá, eins og störfum stefndu var háttað, að tilefni lögbannsins var ágreiningur um það, hvort henni væri heimilt að taka sjálf mót af gómi og tannstæði manna til smíði gervitanna og tanngarða og til eftirfarandi mátunar. Var þetta innifalið í þeirri vinnu, sem hún tók að sér samkvæmt fyrrgreindum samningi.

Í máli áfrýjanda til staðfestingar lögbanninu var fallist á bannið

með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júní 1993, en með dómi Hæstaréttar 17. mars 1994 var það felld úr gildi. Taldi rétturinn skilgyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990 fyrir lögbanni ekki fullnægt. Eins og kröfugerð áfrýjanda í staðfestingarmálinu var annars háttað, þóttu ekki tók á að fjalla efnislega um þann réttarágreining, sem lá lögbannsbeiðni hans til grundvallar.

Að fengnum þessum úrslitum leitaði áfrýjandi úrlausnar um ágreiningsefnið í nýju dómsmáli gegn stefndu, er skotið var til Hæstaréttar sem máli nr. 52/1995, og hefur dómur verið kveðinn upp fyrr í dag. Er dómsorð réttarins á þá leið, að stefndu sé óheimil vinna í munnholi manna í því skyni að setja í þá gervitennur eða tanngarða.

Með dómi þessum hefur áfrýjandi öðlast viðurkenningu á þeim rétti, sem beiðni hans um lögbann á hendur stefndu í október 1992 var ætlað að tryggja. Af þessu leiðir, að stefnda verður ekki talin eiga rétt til bóta á grundvelli 42. gr. laga nr. 31/1990 vegna tjóns af lögbannsgerðinni, svo sem hún hefur krafist. Ber þannig að sýkna áfrýjanda af bótakröfum hennar í málinu.

Jafnframt ber að synja um staðfestingu þeirrar kyrrsetningar á eign áfrýjanda, sem fram fór að beiðni stefndu til tryggingar kröfu hennar, og verður gerðin felld úr gildi.

Rétt er, eins og mál þetta hefur að borið, að hvor aðili beri kostnað sinn af því í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Tannlæknafélag Íslands, á að vera sýkn af bótakröfum stefndu, Bryndísar Kristinsdóttur, í máli þessu.

Kyrrsetning á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Síðumúla 35 í Reykjavík, sem fram fór 25. apríl 1994, er felld úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1994.

Mál þetta var dómtekið 8. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það er höfðað með stefnu, áritaðri af Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl. f. h. Tannlæknafélags Íslands (hér eftir nefnt stefndi) 2. maí 1994 til þingfestingar hér fyrir dómi 5. maí s. á.

Stefnandi málsins er Bryndís Kristinsdóttir, kt. 210540-3509, til heimilis

að Stigahlíð 35, Reykjavík, en stefndi er Tannlæknafélag Íslands, kt. 570570-0139, Síðumúla 35, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 5.044.000,00 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 17. mars 1994 til greiðsludags,

2. að staðfest verði með dómi kyrrsetning, sem fram fór 25. apríl 1994 í fasteign stefnda að Síðumúla 35, 2. hæð, norðurenda, og 3. hæð, ásamt hlutdeild í lóðarréttindum,

3. að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, þ. m. t. allur kostnaður við matsmál og kyrrsetninguna, eins og málskostnaðarreikningur ber með sér, samtals 1.178.010,00 kr.

Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur: aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og synjað verði staðfestingar kyrrsetningar, sem fram fór 25. apríl 1994 í fasteignarhluta stefnda í Síðumúla 35, Reykjavík, til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

Hún kveðst vera tannsmíðameistari að atvinnu og hafa starfað sjálfstætt um áratugaskeið. Hafi hún öðlast mikla reynslu á sínu sviði og hlotið mikið lof viðskiptavina sinna. Hinn 17. ágúst 1992 hafi hún gert samning við Tryggingastofnun ríkisins um tannsmíðaðþjónustu í þágu skjólstæðinga stofnunarinnar. Með samningnum hafi hún tekið að sér að smíða einstakar tennur, tannparta og gervigóma og annast alla þætti smíðinnar, s. s. mátun og lagfæringar og annað það, sem heyri til smíði gervitanna.

Tilgangur samningsins hafi verið sá að rétta hlut þeirra viðskiptavina sinna, sem lögum samkvæmt njóti almannatrygginga, en þeir hafi orðið af lögboðnum styrkjum við það að leita eftir þjónustu sinni. Því hafi verið ákveðið af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins að bæta úr þessu misrétti með umræddum samningi, sem síðan hafi hlotið samþykki tryggingaráðs.

Stefndi hafi lagt fram lögbannsbeiðni 13. október 1992 í því skyni að koma í veg fyrir, að hún gæti starfað eftir samningnum.

Með úrskurði sýslumannsins í Reykjavík, upp kveðnum 20. október 1992, hafi lögbann verið lagt við tannsmíðavinnu stefnanda í munnholi sjúklinga, eins og segi í ákvörðun sýslumanns, gegn tryggingu, að fjárhæð 10.000.000 kr. Lögbannið hafi verið staðfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. júní 1993. Í

kjölfar dómsins hafi sýslumaðurinn í Reykjavík afhent stefnda framan-greinda tryggingu, þrátt fyrir það að málinu hafði þá verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur hafi felld lögbannið úr gildi með dómi, upp kveðnum 17. mars 1994.

Öll vinna stefnanda skv. áður nefndum samningi hafi legið niðri eðli málsins samkvæmt frá og með 20. október 1992 til 17. mars á þessu ári. Önnur starfsemi stefnanda hafi einnig stöðvast, þar sem almenningur hafi dregið þá ályktun af umfjöllun fjölmiðla, að stefnanda væri almennt óheimilt að vinna sem tannsmíðameistari á eigin spýtur. Meðan lögbannið hafi verið í gildi, hafi því ekki verið um neina starfsemi að ræða hjá stefnanda.

— — —

Eins og að framan er rakið, gerði stefnandi samning við Tryggingastofnun ríkisins 17. ágúst 1992. Með honum tók hún að sér að smíða og gera við gervigóma og gervitennur fyrir sjúkratryggða elli- og örorkulífeyrisþega og þá, sem slysatryggðir eru skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971. Í 3. gr. samningsins var gjaldskrá yfir vinnu stefnanda, og var þar tiltekið, að allt væri innifalið í gjaldskránni, þ. m. t. mátun og lagfæringar.

Samningurinn skyldi taka gildi 1. september 1992 og vera uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af hálfu hvors aðila um sig.

Hinn 20. október s. á. lagði sýslumaðurinn í Reykjavík lögbann við því, að stefnandi beitti samningnum, að því er tæki til tannsmíðavinnu í munnholi sjúklinga. Lögbannið var staðfest í Héraðsdómi Reykjavíkur með dómi, upp kveðnum 1. júní 1993. Hæstiréttur felldi lögbannið úr gildi með dómi, upp kveðnum 17. mars 1994, á þeirri forsendu, að lagaskilyrði hefðu ekki verið til að leggja lögbannið á.

Stefnandi styður málsókn sína 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, eins og áður segir. Skv. 1. mgr. þessarar lagagreinar, skal gerðarbeiðandi bæta gerðarþola þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja má, að lögbannsgerð hafi valdið, falli lögbann niður vegna sýknu af þeirri kröfu, sem gerðinni var ætlað að tryggja.

Tilvik það, sem hér er til úrlausnar, fellur að mati réttarins undir 6. mgr. 42. gr. tilvitnaðra laga, sem vísar til 1. mgr. sömu lagagreinar. Orðalag 42. gr. umræddra laga verður ekki skilið á annan veg en um sé að ræða hlutlæga bótaábyrgð gerðarbeiðanda á tjóni, sem gerðarþoli hefur orðið fyrir af völdum lögbanns, sem felld er niður með dómi. Nægir því, að gerðarþoli sýni fram á, að lögbannsgerðin hafi valdið honum tjóni, eða geri sennilegt, að svo hafi verið, enda þótt tjónið verði ekki staðreynt. Hér gildir einu, þótt gerðarþoli hafi kallað gerðina yfir sig, eins og stefndi heldur fram í máls-

vörn sinni, og stefndi eigi sér nokkrar málsbætur vegna langvarandi samskiptaörðugleika málsaðila. Það, sem hér ræður úrslitum, er sú staðreynd ein, að stefndi lét leggja lögbann á tilgreinda starfsemi stefnanda og tók með því áhættuna af afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Lögbannið var fellt niður, og því er um bótaskyldu að ræða.

Stefnandi hefur lýst því hér fyrir dómi, að atvinnustarfsemi sín hafi að mestu lagst af við lögbannið. Eðli þess starfs, sem hún tók að sér með samningnum við tryggingastofnun, sé með þeim hætti, að nauðsynlegt sé að taka í upphafi mót af gómi hvers sjúklings og síðan verði ekki hjá því komist að máta smíðina og laga hana að gómi sjúklings. Skv. samningnum við tryggingastofnun hafi þessi vinna verið innifalin í umsaminni gjaldskrá. Ef hún hefði leitað til tannlækna um þessa þjónustu, sem ólíklegt sé, að sér hefði verið veitt, hefði hún orðið að greiða viðkomandi tannlækni af umsaminni þóknun. Af því leiði, að lítið hefði þá komið í sinn hlut og tap fyrir sjáanlegt.

Þá upplýsti stefnandi fyrir dómi, að eftir að lögbanninu var aflétt, hefði hún strax byrjað að starfa eftir samningnum við tryggingastofnun og haft svo mikið að gera, að biðlisti hefði myndast.

Aðspurð um það, hvort þeir sjúklingar, sem urðu af þjónustu hennar af völdum lögbannsins, hafi beðið þess, að hún gæti hafið störf að nýju, eins og stefndi heldur fram, kvað hún þetta fráleita fullyrðingu.

Eins og fyrr er getið, liggur fyrir matsgerð tveggja endurskoðenda, sem metið hafa tjón stefnanda af völdum lögbannsaðgerða stefnda. Niðurstaða þeirra er á þá leið, eins og áður segir, að tjón stefnanda nemi 4.044.000 krónum fyrir það tímabil, sem lögbannið var í gildi. Ekki þykja efni til að lækka þessa fjárhæð, enda hefur matsgerðinni ekki verið hnekkt með yfirmati eða á annan hátt og engin önnur gögn tiltæk til ákvörðunar á tjóni stefnanda.

Stefnandi gerir og kröfu til miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr. Þá kröfu sína styður hún m. a. því, að hún hafi sætt óvæginni umfjöllun í dagblöðum, meðan á lögbannsaðgerð stefnda stóð og í kjölfar hennar, jafnframt því, að þessar aðgerðir stefnda hafi valdið sér mikilli andlegri áraun vegna óvissu um eigið atvinnuöryggi og fjárhagslega afkomu.

Eins og mál þetta vaxið, þykja ekki efni standa til þess að taka miskabótakröfu stefnanda til greina, enda liggur ekkert fyrir um það nú, að starfsemi eða starfsheiður hennar hafi beðið hnekki af völdum lögbannsaðgerðanna. Ekki er að sjá, að stefndi hafi átt frumkvæði að meiðandi blaðaskrifum í garð stefnanda, sem birtust í kjölfar lögbannsaðgerðanna, enda þótt formaður stefnda hafi ritað blaðagreinar í eigin nafni af því tilefni. Því

verður ekki talið, að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda í þessu sambandi. Einnig ber að taka tillit til þess, að hinir dómkvöddu matsmenn mátu það svo í matsgerð sinni, að viðskiptahagsmunir stefnanda til fram-búðar hefðu ekki orðið fyrir mælanlegu tjóni vegna lögbannsins.

Krafa stefnanda um miskabætur verður því ekki tekin til greina.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndi skuli greiða stefnanda 4.044.000 kr. í skaðabætur.

Með hliðsjón af því, að kröfugerð stefnanda var ekki fullmótuð fyrr en 30. nóvember 1994, þegar matsmenn skiluðu endurskoðaðri matsgerð sinni, þykir rétt, að dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 reiknist á til-dæmda fjárhæð frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Stefnandi hefur krafist staðfestingar á kyrrsetningu, sem fram fór að beiðni stefnanda 25. apríl 1994 og gerð var í eignarhluta stefnda í húseigninni Síðumúla 35 í Reykjavík.

Stefndi hefur mótmælt því, að þessi krafa fái framgang, af ástæðum, sem lýst er hér að framan.

Rétt þykir að fallast á þessa kröfu stefnanda, bæði með vísan til þess, að trygging sú, að fjárhæð 10.000.000 kr. sem sýslumaðurinn í Reykjavík ákvað, að sett yrði til tryggingar lögbannsgerð stefnda, stendur ekki lengur til tryggingar fyrir dómkröfum stefnanda á hendur stefnda, en trygging þessi var skilyrði þess, að lögbannið yrði lagt á, og enn fremur með hliðsjón af því, að óvíst er um það, hvernig fjárhag stefnda verður háttað, þegar endanlegar lýktir málsins ráðast, verði dómi þessum áfrýjað til Hæstaréttar.

Kyrrsetning sú, sem fram fór 25. apríl 1994 og gerð var í eignarhluta stefnda í húseigninni Síðumúla 35 í Reykjavík, þ. e. norðurenda 2. hæðar og 3. hæð, ásamt hlutdeild í lóðarréttindum, er hér með staðfest.

Með vísan til 1. tl., a-, c- og e-liðar 129. gr. og 1. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 918.415 kr., þar af 98.000 kr. í virðisaukaskatt.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tannlæknafélag Íslands, greiði stefnanda, Bryndísi Kristinsdóttur, 4.044.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Staðfest er kyrrsetning, sem fram fór 25. apríl 1994 og gerð var í eignarhluta stefnda í húseigninni Síðumúla 35 í Reykjavík, þ. e. norðurenda 2. hæðar og 3. hæð, ásamt hlutdeild í lóðarréttindum.

3080

Stefndi greiði stefnanda 918.415 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, að fjárhæð 98.000 kr.
